



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 8 starfsárið 2011 – 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA föstudaginn 24. ágúst 2012. Fundurinn hófst kl. 12:00 með hádegisverði í Kaupvangi, Vopnafirði. Fundarstaður: Mikligarður.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Unnur Björgvinsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Gauti Jóhannesson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengi var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 4.júní 2012. Fundargerðin staðfest af stjórn.
- b) Samgöngunefndar SSA dags. 31. maí 2012. Samþykkt var að kalla eftir áherslum nefndarinnar fyrir aðalfund. Fundargerð staðfest af stjórn.
- c) Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 9. maí 2012. Til kynningar.
- d) Stjórnar SASS dags. 2. maí og 10. ágúst 2012. Til kynningar.
- e) Stjórnar Eyþings, 230. og 231. fundar. Til kynningar.
- f) Stjórnarfundar Sambands íslenskra, fundir nr. 797 og 798. Til kynningar.
- g) Stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 11. júlí 2012. Til kynningar.
- h) Framkvæmdarráðs SSA dags. 2. ágúst 2012. Samþykkt.

2. Erindi til stjórnar SSA frá:

- a) Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
Verkefnastjóra falið að gera tillögu að svari og ganga frá grenargerð til Jöfnunarsjóðs um skiptingu framlags kr. 25 milljónir sem ráðgjafanefnd sveitarfélagana hefur til ráðstöfunar vegna kostnaðar landshlutasamtakana við samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.
- b) Fjárlaganefnd Alþingis.
Kynnt var bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis um breyttar áherslur við fjárlagagerðina. Verkefnastjóra falið að hafa samband við sveitarfélögin um málið.
- c) Velferðarráðuneytinu.
Samþykkt var að formaður gangi frá tilnefningu fulltrúa SSA í undirbúningshóp að gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Félagsmálasjóð Evrópu.

- d) Umsögn um drög að landsáætlun um úrgangsmál.
Lögð var fram umsögn sem Sambands íslenskra sveitarfélaga um drögin. Samþykkt að taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá telur stjórnin mikilvægt að ítreka við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að hún fylgi málinu eftir og gæti hagsmuna sveitarfélaga varðandi gerð landsáætlunarinnar meðal annars með frekari aðkomu þeirra að vinnu við gerð áætlunarinnar.
- e) Samræming á greiðslum og fyrirkomulagi refaveiða.
Lagt var fram erindi frá sveitarstjóra Djúpavogshrepps varðandi samræmingu á greiðslum og fyrirkomulagi refaveiða á Austurlandi. Gauti Jóhannesson fór yfir málið.
Stjórnin samþykkti að skipa vinnuhóp í samráði við sveitarfélögin á Austurlandi sem vinni að því að samræma greiðslur fyrir refa- og minkaveiðar, enda sé það vilji sveitarfélagana að samræma greiðslurnar.
- f) Bréf frá Menningarfulltrúa.
Lagt var fram bréf frá Menningarfulltrúa, þar sem vakin er athygli stjórnarmann á ráðstefnu sem ber nafnið „Make it happen“ sem haldinn verður dagana 25.-28. september nk. á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Ráðstefnan er haldinn í tilefni af 10 ára afmæli Menningarráðs Austurlands. Stjórnin fagnar framtaki Menningarráðs og hvetur sveitarstjórnarmenn á Austurlandi til að mæta.
- g) Samþykkt aðalfundar FLH.
Lögð fram til kynningar ályktun Félags leiðsögumann með hreindýraveiðum, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 10. mars 2012.
- h) Sérleyfisakstur á Austurlandi.
Stefán Bogi Sveinsson gerði grein fyrir fundi sem hann sat fyrir hönd SSA í Svíþjóð um almenningssamgöngur. Formaður sagði frá lögbanni sem sett var á rútufyrirtæki í framhaldi af útboði sem fram fór á sérleyfinu á Austurlandi. Samið var við lægstbjóðanda Hópfærðabíla Akureyrar. Formaður kynnti bréf sem borist hefur stjórn frá Fjarðabyggð og Tanna travel. Samþykkt að framkvæmdaráð boði hagsmunaaðila á Austurlandi á fund og fari yfir málefni almenningssamgangna með þeim.
- i) Umsögn um þingskjal 1176 - 738. mál.
Lögð var fram umsögn SSA sem send var nefndarsviði Alþingis 10. júlí sl.
- j) Aðalfundur SSV.
Kynnt fundarboð frá framkvæmdarstjóra SSV um aðalfund samtakana sem haldinn verður í Stykkishólmi dagana 31. ágúst og 1. september 2012.
- k) Aðalfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Lagt fram boð á 57. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið verður dagana 7.-8. september 2012 undirritað af framkvæmdarstjóra.

3. Önnur mál:

- a) Málefni Austurbrúar - staða og verkefni SSA.
Formaður fór yfir málefni Austurbrúar, s.s. kostnaðarskiptingu milli SSA og Austurbrúar, framkvæmdarstjóramál, IPA- styrki og fleira. Samþykkt var að SSA sæki um IPA – styrk í samráði við Austurbrú.
- b) Sóknaráætlanir landshluta – Austurlands
Formaður kynnti vinnu sem farið hefur fram á vegum stýrinets ráðuneytanna um leiðbeiningar fyrir landshlutasamtök sveitarfélagana til að vinna eftir.
- c) Undirbúningur aðalfundar SSA sem haldinn verður á Borgafirði eystri, dagana 14. - 15. september n.k.
Rætt var um málefni sem tekin verða fyrir á fundinum og þeim skipt niður á þá daga sem þingið stendur.
- d) Stefnt er að því að halda stjórnarfund 30. ágúst

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 19:40
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.